

**M-59/2018. Álit 28. júní 2019.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 28. júní 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-59/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 4. ágúst 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á garðkofa af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að garðkofi sem hún festi kaup á af seljanda hafi verið haldinn galla þar sem hann þolir ekki veðurfar hér á landi. Kofinn f auk og olli skemmdum á bifreið álitsbeiðanda. Krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu á garðkofanum sem hún keypti fyrir 134.000 krónur og greiðslu fyrir viðgerð á bifreiðinni sem er að fjárhæð 80.000 krónur.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 5. september 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 20. júní 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi festi kaup á garðkofa hjá seljanda sumarið 2017 fyrir 129.499 krónur samkvæmt meðfylgjandi greiðslukvittun. Kveðst álitsbeiðandi hafa farið að öllu leyti eftir leiðbeiningum við uppsetningu á kofanum. Í fyrsta hauststorminum eftir að álitsbeiðandi festi kaup á kofanum f auk hann út í sjó að sögn álitsbeiðanda og olli einnig töluverðum skemmdum á bifreið álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi mun þurfa að greiða 80.000 krónur í viðgerðarkostnað.

Álitsbeiðandi telur að garðkofinn hafi verið haldinn galla, enda hljóti að teljast eðlilegt að vörur sem seldar eru hér á landi þoli íslenskt veðurfar. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi endurgreiði henni andvirði garðkofans auk viðgerðarkostnaðar vegna viðgerðar á bifreiðinni.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi garðkofa af seljanda sumarið 2017 fyrir 129.499 krónur. Um haustið sama ár f auk garðkofinn með þeim afleiðingum að hann olli skemmdum á bifreið álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi telur að garðkofinn hafi verið haldinn galla þar sem hann þoldi ekki veðurfar hér á landi. Krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu á kaupverði kofans auk greiðslu að fjárhæð 80.000 krónur vegna viðgerðar á bifreiðinni.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) fjallar um þá eiginleika sem söluhlutir skulu búa yfir, en í 1. mgr. ákvæðisins segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun.

Þá skuli söluhlutur, ef annað leiðir ekki af samningi, m.a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til samkvæmt a-lið 2. mgr. og hafa þá eiginleika sem neytandi mátti vænta við kaupin að því er varðar endingu og annað samkvæmt b-lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. Ákvæði 16. gr. nkpl. fjallar um galla á söluhlut, en ákvæðið er svohljóðandi:

**16. gr. Gallar.**

Söluhlutur telst vera gallaður ef:

- a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;
- d. nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut.

Regla c-liðar 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.

Neytandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Neytandi getur ekki borið fyrir sig galla ef orsök gallans má rekja til efniviðar sem neytandinn hefur sjálfur lagt til. Þetta gildir þó ekki ef seljandinn hefði átt að ráða neytanda frá notkun efnisins vegna óhentugra eiginleika þess.

Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Um kaup á garðkofa er að ræða og verður ekki ráðið af gögnum málsins að gert hafi verið ráð fyrir því að hann væri varanlega festur niður. Kærunefndin telur að álitsbeiðanda hafi þó mátt vera ljóst að vegna veðurfars hér á landi þurfi að gera sérstakar ráðstafanir þegar fest eru kaup á hlutum sem þessum sem geymdir eru utandyra. Skortur á leiðbeiningum seljanda um eðlilegar ráðstafanir sem ættu að vera neytanda ljósar vegna aðstæðna, líkt og vegna breytilegs veðurfars hér á landi, hefur ekki í för með sér að söluhlutur teljist haldinn galla.

Eins og atvikum er háttað er því ekki unnt að fallast á að garðkofinn hafi verið haldinn galla í skilningi neytendakaupalaga.

Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

**V**

**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson